

GJAFMILDI

- og blessunin sem henni fylgir -

Satan nær engu taki á okkur ef við látum af græðgi okkar, en stjórnunumst þess í stað af gjafmildi og gefum það sem Guð minnir okkur á, án þess að krefjast neins í staðinn.

Óvinurinn notar oft fjármuni fólks til þess að hafa stjórn á því. Hann notfærir sér græðgi okkar og valdafíkn, stolt og ótta.

Hvað getum við gert til að hamla gegn þessu? Eigum við að forðast allt sem varðar fjármál og þátttöku í viðskiptum og fást eingöngu við himnesk málefni? Eigum við að láta heimsverslunina í hendur hins illa? Ég trúi alls ekki að það sé vilji Guðs, frekar en við ættum að hætta að sækja skóla, fara á opinberar skrifstofur eða aðrar þær stofnanir þar sem við gætum haft áhrif, til dæmis á sviði lista, fjölmiðlunar og íþróttá. Þvert á móti, þetta eru einmitt málefni sem við eigum að láta okkur varða. Fyrir bæn og hlýðni við leiðsögn Heilags anda, þjónum við Jesú Kristi þegar við framkvæmum vilja hans. Jesús kom til þess að endurleysa heiminn, þar með talið mennina, einn á fætur öðrum og stofnanir okkar hverja eftir aðra. Við þurfum ekki að hræðast Satan meðan hann ekki hefur tangarhald á okkur eða nær að stjórna einhverju sviði lífs okkar. Jesús sagði að Satan hefði ekkert vald yfir honum (Jóh.14:30).

Fjármál heimsins grundvallast á viðskiptum, að keypt sé og selt, framboði og eftirspurn. Oft er það svo að eftirspurnin byggist ekki á raunverulegri þörf, heldur græðgi, ágirnd, stolti og ótta við menn. En Guðs ríki er algjör andhverfa þessa og stórum voldugra. Einn af hornsteinum Guðs ríkis er að gefa og öðlast. Fólk sem hlustar eftir rödd Heilags anda, sem hlýðir Drottni og gefur af fúsu geði, dregur úr valdi óvinnarins.

Slík gjafmildi veikir vald hins illa yfir jörðinni. Við slítum snöru ágirndarinnar með gjafmildi sem lítur leiðsögn Heilags anda. Við vinnum gegn anda kúgunar og óheiðarlegs valds þegar við sýnum þjónslund. Við förum gegn stolti með auðmýkt og hógværð. Og ótta mætum við í hinum fullkomna kærleika Guðs, á sama hátt og ljósið rekur myrkrið á flóttá.

Þegar Jóhannes skírari predikaði, áður en Kristur kom fram, hvatti hann fólk til að gera iðrun og sagði að öxin væri þegar lögð að rótum trjánna, og að sérhvert tré, sem ekki bæri góðan ávöxt, yrði höggvið upp. Þegar svo fólk, í framhaldi af orðum hans, spurði hvað það ætti að gera, sagði hann: "Sá sem á tvo kyrtla gefi þeim sem engan á, og eins gjöri sá sem matföng hefur." (Lúk.3). Við tollheimtumennina sagði hann: "Heimtið ekki meira en fyrir yður er lagt." Og hermennina: "Hafið ekki fé af neinum, hvorki með ofríki né svikum, en látið yður nægja mála yðar." Næstum allt sem varðaði iðrunina snerist um peninga.

Gjafmildi var sem sé ávöxtur iðrunarinnar og afleiðing þess að hið illa var höggvið upp frá rótum.

Gjafmildi í daglega lífinu

Við höfum séð mörg skýr dæmi um gjafmildi. Við upphaf samningaviðræðnanna um kaupin á bækistöð okkar (Youth With A Mission) á Kona á Hawaii, sem nú hýsir University of the Nations, fengum við ábendingu Guðs um að mæta ágirnd með gjafmildi. Þá sögu hef ég sagt í bók minni: "Winning Gods way".

Maríusysturnar fengu að reyna svipaða hluti. Móðir Basilea Schlink er upphafsmaður þess starfs, sem hófst í Þýskalandi á erfiðleikatímunum við lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Maríusysturnar lifa í kristnu samfélagi sem leggur megináherslu á líf í iðrun og tilbeiðslu um leið og þær setja traust sitt á Guð hvað varðar allar þeirra daglegu þarfir. Þessi litli systrahópur -en allar voru þær mótmælendatrúar- keyptu sína fyrstu eign í Darmstadt og urðu þær sjálfar að annast byggingarvinnuna. Þær treystu því að Guð gæfi þeim allt sem þær þyrftu á að halda - fyrst kapellu, því næst önnur hús, m.a. aðstöðu til að taka á móti gestum frá ólíkum kirkjudeildum, fólk sem vildi leita Drottins.

Lítill landskiki, sérkennilegur að lögun, sem tilheyrði öðrum, gekk inn á landsvæði systranna. Við bæn urðu þær þess fullvissar að þær ættu að kaupa þennan skika og nota undir prentsmiðju og fleira. Svæðið umhverfis höfðu þær þegar keypt, en ekki þennan bút.

Land þetta var í eigu roskinnar konu sem hvorki vildi selja né hafa makaskipti á öðru svæði. Konan hélt því fram að fólk ætti ekki undir neinum kringumstæðum að láta frá sér það sem það hefði erfð frá foreldrum sínum.

Þegar systir Evlalía kom til taka með þessi skilaboð, skildu Maríusysturnar, að sá sem er svo bundinn jarðneskum hlutum, verður aðeins leystur fyrir einlæga og viðvarandi bæn. Hér var miklu meira í húfi en landskiki sem nota ætti til þjónustu við Drottin. Hér var um að ræða fjötraða sál. Þær ákváðu að fasta, því þær minntust þessara orða Jesú: "Þetta kynið fer ekki út nema fyrir bæn og föstu." (Matt.17:21). Til viðbótar því að neita sér um fæðu, fannst þeim þær einnig eiga að halda annars konar föstu: Þær ættu að neita sér um eitthvað sem var meira í ætt við þá fjötra sem bundu þessa gömlu konu.

Maríusysturnar voru vanar að lifa mjög einföldu lífi. Þær höfðu lítið fé handa á milli og persónulega muni áttu þær fáa. Systurnar leituðu nú Drottins, hver um sig, og báðu hann að sýna sér hvort vottur af ágirnd myndist í hjörtum þeirra -hvort þær væru fastbundnari einhverjum hlutum heldur en Jesú.

Í ljós kom að ein systranna hélt afar mikið upp á lítinn trékross, fyrir aðra skipti fallegt póstkort miklu máli -ekki peningalegt verðmæti hlutanna sem slíkt, heldur tengslin við þá. Í lok þessarar "helgunar- og afneitunarviku" fór ein systranna enn á ný í heimsókn til gömlu konunnar.

Hún trúði varla eigin eyrum þegar hún heyrði konuna segja: "Sjálfur landskikinn skiptir mig reyndar ekki svo miklu máli, en það eru plómutrén. Mér finnst svo sárt að

missa plómutrén!" Hún sagði að hún væri fús að selja þeim þennan einkennilega lagaða landskíka, en að hún myndi sakna plómutrjána. Guð hafði unnið stórvirki!

Satan vill stjórna hinum efnislegu gæðum sem með réttu tilheyra Guði. Árangursríkasta baráttuaðferðin gegn honum er sú að við gefumst upp fyrir Drottni og hlýðum honum í öllu, einnig hinu smæsta. Drottinn þráir hlýðni, en ekki fórn (1.Sam.15:22). Oft felst hlýðni okkar þó í því að við verðum að færa fjárhagslega fórn. En það er ekki fórnin sem slík sem yfirbugar óvininn, heldur hlýðni okkar við Guð. Það eitt út af fyrir sig að rýja sig inn að skinninu er ekki viturlegt. Eitt sinn las ég um fátæka ekkju sem fékk áfall þegar hún heyrði hvernig predikari sem hún hafði gefið fé, eyddi því í gáleysi. "Að hugsa sér!" sagði hún, "ég sem lét mér nægja að borða poppkorn í heila viku og sendi alla heimilispeningana til þessa predikara!".

Enda þótt þú gefir einungis til fólks og hreyfinga sem vinna gott starf og sért þess fullviss að peningunum þínum sé ekki eytt í vitleysu, getur þú ekki gefið til allra. Guð segir ekki við alla að þeir skuli gefa aleiguna í þeirri viðleitni sinni að mæta þörfum annarra. Hann vill á hinn bóginn að við séum hlýðin þegar hann minnir okkur á. Ef hann, í sérstökum tilfellum, skyldi biðja þig að gefa allt, þá mun hann einnig mæta þínum þörfum á yfirnáttúrulegan hátt.

Hlýðni

Það að vera hlýðinn í því að gefa er hluti hinnar andlegu baráttu. Ef til dæmis einhver í Chicago heyrir rödd Guðs og af förnfýsi gefur peningana sína, segjum, kristniboðsstöð hinum megin á hnettinum, þá veikir það myrkraöflin í Chicago. Stærð upphæðarinnar skiptir ekki öllu máli, hugarfarið er mikilvægast. Sérhver upphæð, jafnvel eyrir ekkjunnar, sem gefin er af óeigingirni og hlýðni, er árás á myrkraöflin sem lúta stjórn hins illa. Að gefa með óeigingjörnu hugarfari þýðir að gefandinn hagnast á engan hátt á gjöfinni. Þá gefur hann ekki í þeim tilgangi að fá sjálfur þægilegri kirkjubekki eða skapa sjálfum sér öryggi og bætta aðstöðu. Gjöfin er gefin burt. Og þá er það Guð einn sem getur launað gefandanum. Að gefa með þessum hætti skekur veldi Satans og veikir tök hans á þeim stað sem fær gjöfina, en veldi hans verður fyrir enn meira tjóni á þeim stað þar sem gefandinn býr.

Af þessum ástæðum þurfa hinir kristnu í Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku að fá fræðslu um hve mikilvægt það sé að gefa til kristniboðs og til fátækra og þurfandi í öðrum löndum. Ef við fræðum þróunarlöndin ekki um það hvílíkur máttur felst í því að gefa, munu hinir fátæku halda áfram að vera fátækir.

Þetta gerir jólin svo einstök, einnig fyrir þá sem ekki skilja neitt af því sem viðkemur Guði eða syni hans. Málið er, að þá erum við að halda upp á afmæli Jesú! Þrátt fyrir efnishyggjuna og aðrar gryfjur sem við kunnum að falla í, þá eru jólin ennþá hátíð gjafmildinnar. Og eitthvað gerist sem afleiðing allrar þessarar gjafmildi: fjármálin hljóta blessun sem endist þeim að minnsta kosti fimm mánuði fram á næsta ár!

Að gefa með fórnarlund, þ.e. að því marki að við verðum að setja traust okkar á Guð, að hann mæti þörfum okkar, rekur einnig Satan á flótta hvað varðar óttann. Að treysta Guði, þegar maður heyrir rödd hans, gerir það sem hann biður mann um, og í einlægu trúartrausti reiðir sig á að hann muni sjá fyrir manni, það er markviss árás á

þá viðleitni óvinarins að nota óttann til að stjórna manni. Horfðu beint framan í óttann við ótrygga fjárhagslega afkomu og settu svo allt þitt traust á Guð. Þú munt fá að reyna trúfesti hans.

Óvinurinn óttast mest af öllu þá sem afhenda Guði réttindi sín og kröfur og setja traust sitt á hann. Satan nær engum tókum á okkur ef við snúum baki í græðgina en venjum okkur á gjafmildi og gefum það sem Guð minnir okkur á, án þess að krefjast neins í staðinn. Hvaða ráð hefur hinn illi þegar við höfum gert iðrun, afneitað stoltinu og auðmýkt okkur og óttalaust varpað okkur í faðm Guðs, í trausti til umhyggju hans? Hvernig getur hinn illi þá náð tókum á okkur? Hvaða vald hefur hann þá yfir okkur, yfir fjármálum okkar, starfsframa og viðskiptum? Vald hans er þá brotið á bak aftur. Rétt eins og spáð er hjá Esekíel í 28.kafli, verður hann í auglýning allra að ösku á jörðinni. Það er sem maður heyri hæðnishlátur þeirra sem dag einn í framtíðinni fá að sjá hvernig Satan raunverulega er: "Er þetta maðurinn sem skók jörðina og skelfdi konungsríkin?! Við þurfum ekki að bíða svo lengi eftir að sjá hver hann er í raun og veru. Okkur verður það ljóst þegar við skiljum hver Guð er og látum hann leiða okkur. Þegar við fylgjum leiðsögn hans, getum við hrifsað af Satan það vald sem hann hefur yfir einstaklingum, þjóðfélaginu, stofnunum og þjóðum.